



SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Keflavík, 24.10.2018

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum.

UMSÖGN

Sýslumannafélag Íslands leggur áherslu á að samráðs verði leitað við sýslumannsembætti á landsbyggðinni, sem eru átta talsins, áður en ráðagerðum þeim sem frumvarpið boðar, er fram haldið.

Öll embætti sýslumanna eru útgefendur rekstrarleyfa og býr starfsfólk þeirra yfir staðarþekkingu og umtalsverðri reynslu, sem mun án efa verða að gagni við frekari umfjöllun um málið. Auk þess er á vettvangi embættanna starfandi sameiginlegt fagráð um leyfisveitingar, sem meðal annars hefur komið að samningu reglugerðar við lögin og þekkir vel til vandamála sem komið hafa upp varðandi eftirlit skv. lögnum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Sí

Ásdís Ármannsdóttir, formaður